

INGIBJÖRG HARALDSDÓTTIR

RITPING

20. JANÚAR 2007



INGIBJÖRG HARALDSDÓTTIR

Pann 20. janúar 2007 sat Ingibjörg Haraldsdóttir, rithöfundur og þýðandi, fyrir svörum á Ritþingi Gerðubergs. Stjórnandi þingsins var Silja Aðalsteinsdóttir. Í hlutverki spyrta voru þau Áslaug Agnarsdóttir og Jón Karl Helgason.

Ég fæddist í gráu húsi

Silja:

Góðan daginn og velkomin öllsömul. Mikið er gaman að sjá svona fríðan og föngulegan hóp. Það eru góðar hugsanir sem streyma upp úr höfðum ykkar, ég sé það. Þetta verður ánægjuleg stund hjá okkur. Hér á móti mér situr Ingibjörg Haraldsdóttir sem verður í yfirheyrslu næstu klukkutímana og ég ætla að biðja hana að hefja þetta þing.

Ingibjörg:

Upphaf

Ég fæddist í gráu húsi í bláhvítu landi við ysta haf einn októberdag fyrir löngu. Í landinu því var skógur, mikill og forn og dimmur og draugar riðu þar hjá. Á kvöldin kom fuglinn í fjörunni og söng mér ódáinsljóð meðan öldur brotnuðu á klettum. Um húsið fór gustur af sögum og lygasagan um heiminn og mig hófst þar einn októberdag.

Silja:

Ingibjörg Haraldsdóttir fæddist í Reykjavík 21. október árið 1942, elst þriggja barna Haralds Björnssonar sjómanns og verkamanns og Sigríðar Elísabetar Guðmundsdóttur húsmóður sem hún segir okkur nánar frá hér á eftir. Á fyrstu myndinni sjáum við Ingu litlu í fangi mömmu og pabba. Fyrstu tólf árin bjó hún í kjallaraíbúð við Snorrabrautina í Reykjavík sem hún hefur gert ódauðlega í ljóðum en 1954 fluttist fjölskyldan í Kópavog sem ég hygg að komi ekki fyrir í ljóðum hennar, hvað sem því veldur.

Inga gekk í Austurbæjarbarnaskólann og lauk fullnaðarprófi þaðan. Fór svo í gagnfræðaskóla í Kópavogi og tók fyrsta og annan bekk þaðan, eins og þá var sagt, en landspróf við landsprófsdeildina í Vonarstræti. Þaðan fór hún í Menntaskólann í Reykjavík og varð stúdent árið 1962, eins og lög gera ráð fyrir. Þá var hún þegar bæði orðinn þekktur liðsmaður í röðum róttækra ungmenna sem félagi í Fylkingunni og þekkt ljóðskáld í sínum hóp og víðar, einkum eftir að ljóð eftir hana birtust í hinu framsækna tímariti *Birtingi* árið 1961. Áður hafði hún birt ljóð í *Skólablaði MR* sem var ekkert slor heldur. Ritstjórar þess töldu sig með réttu til meiri háttar menningarvita. Hún birti svo fjögur ljóð í *Tímariti Máls og menningar* árið 1970 en hjá forlagi Máls og menningar hafa allar bækur hennar komið út síðan.

Ingibjörg hefur gefið út sex bækur með frumsömdum og þýddum ljóðum: *Þangað vil ég fljúga*, 1974, *Orðspor daganna*, 1983, *Nú eru aðrir tímar*, 1989. Þessar þrjár komu út saman í bókinni *Ljóð*, árið 1991, ásamt þýddum ljóðum. *Höfuð konunnar* kom út 1995, *Sorgargondóll og fleiri ljóð* kom út árið 2001. Þetta voru þýðingar á ljóðum Tómasar Tranströmers, hins sænska ljóðskálds. Einnig bókina *Hvar sem ég verð* sem kom út árið 2002.

Þetta eru kannski ekki óskaplega mikil afköst af frumsömdu efni en ráða má meðal annars af því hve lítið er til af bókum hennar á markaði nú að hún er afar vinsæl. Reyndar er hún einn af þessum höfundum sem þýðir ekkert að gefa út því bækurnar hennar seljast upp undir eins! Ég spurði um bækur hennar í bókabúðum í bænum og það var ekki arða til. Ingibjörg er líka þekkt fyrir þýðingar fjölmargra skáldsagna úr spænsku en þó einkum rússnesku og ber þar hæst þýðingar hennar á

sjö skáldsögum rússneska jöfursins Fjodors Dostojevskís. Hún hefur þar að auki verið helsti þýðandi okkar á leikritum á rússnesku ásamt Árna Bergmann. Feril sinn rekur Ingibjörg hér á eftir.

Ég vil aðeins bæta því við, sem er erfiðara fyrir hana að tala um, að hún hefur eiginlega hlotið allar viðurkenningar og verðlaun sem hægt er að fá á þessu landi. Menningarverðlaun DV fékk hún 1988 fyrir þýðingu sína á *Fávitanum* eftir Dostojevskí, viðurkenningu Rithöfundasjóðs Ríkisútvarpsins fékk hún árið 2000 og Ljóðaverðlaun Guðmundar Böðvarssonar sama ár. Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar fékk hún árið 2001, Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2002 fyrir ljóðabókina *Hvar sem ég verð* en hún hafði áður verið tilnefnd til þeirra, bæði fyrir *Nú eru aðrir tímar* og *Höfuð konunnar*. Hún var sæmd riddarakrossi Hinnar íslensku fálkaorðu árið 2002, borgarlistamaður var hún 2003 og Íslensku þýðingarverðlaunin fékk hún 2005 fyrir *Fjárhættuspilarann* eftir Dostojevskí. Auk þess hefur hún verið tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs tvisvar sinnum, fyrir *Nú eru aðrir tímar* og *Hvar sem ég verð*. Ég tel þetta upp, ekki vegna þess að mér finnist verðlaun svona merkileg í sjálfum sér, heldur vegna þess að það má lesa margt úr þessum lista um snilld Ingibjargar og álitid sem hún nýtur meðal landa sinna. Ingibjörg hefur líka valist til trúnaðarstarfa fyrir sína stétt. Hún var meðal annars formaður Rithöfundasambands Íslands árin 1994 til 1998.

Á meðan við erum að tala ætla ég að stýra myndasýningu hér uppi á vegg þar sem sjá má margar týpur af barnafötum, tísku og hártísku og rifja upp þessi góðu og glöðu ár sem Ingibjörg hefur lifað í heiminum. Við gerum hlé, ef allt gengur að óskum, svona eftir rétt um klukku-tíma.

Þarna er nú falleg mynd af þér, Ingibjörg, í barnavagni. Mig langar að biðja þig að segja okkur fyrst frá bernskuheimili þínu og pabba þínum og mömmu. Hvernig fólk voru þau og hvernig voru þau við þig?

Ingibjörg:

Þau voru mjög gott fólk og voru mjög góð við mig svo ég byrji nú strax á því. Þú ert búin að segja hvað þau hétu. Þau eru bæði dáiin, Sigríður og Haraldur. Við bjuggum í íbúðinni sem ég fæddist í; ég fæddist sem sagt heima. Þetta var íbúð sem var tæpir tuttugu fermetrar að

stærð. Þetta var eitt herbergi með litlum kjallaraglugga og pínulítið gluggalaust eldhús. Svo var klósett frammi á gangi. Við vorum orðin fimm síðustu þrjú árin sem við bjuggum þarna. Þá var ég að verða tólf ára. Þannig að það var ekkert sérstaklega rúmt um okkur.

Silja:

Þannig að þú gætir kvartað undan skorti á sérherbergi eins og sumir?

Ingibjörg:

Já, ég get það með góðri samvisku. Eða gat, ég get það ekki lengur.

Silja:

Píndi þetta þig?

Ingibjörg:

Nei, nei, þetta er svo skemmtilegt hús. Þetta er Snorrabraut 36 sem er á horni Grettisgötu og Snorrabrautar og það var mikið af krökkum í þessu húsi. Sumir eru hérna viðstaddir, meira að segja. Þetta voru aðallega eða eingöngu stelpur, held ég, svona á aldur við okkur systurnar og það var mikill félagsskapur. Það var mikið farið þarna á milli íbúða og út í port og út á plan. Planíð er horfið núna, nýhorfið undir bílageymslu, og Stjörnubíó er líka horfið sem ég sakna mikið.

Silja:

Það hafði ábyggilega mjög djúp áhrif á þig sem verðandi kvikmyndagerðarmann?

Ingibjörg:

Já, og ekki bara Stjörnubíó því Austurbæjarbíó var hinum megin við Snorrabrautina og svo Hafnarbíó. Það voru bíó út um allt. Maður þurfti ekki einu sinni að fara niður í miðbæ.

Silja:

En hugmyndafræðin í uppeldinu. Hverjar mundir þú segja að hafi verið hugmyndir foreldra þinna?

Ingibjörg:

Ja, ef þú ert að tala um pólitík þá vorum við kommar!

Silja:

Og var það alveg ljóst?

Ingibjörg:

Já, það var öllum ljóst.

Silja:

Var mikil afskiptasemi af þér eða naustu frelsis?

Ingibjörg:

Já, mér finnst ég hafa verið frjáls. Ég var mikið úti að leika mér. Við systurnar renndum okkur til dæmis á skíðasleða niður Grettisgötuna, brekkuna frá Barónsstíg niður að Snorrabraut. Þar vorum við að renna okkur. Það var dálítið hættulegt en umferðin var reyndar ekki nærri eins mikil og núna. Við lentum í ýmsu eins og þegar við misstum Þröst bróður okkar í Tjörnina, til dæmis. En hann bjargaðist nú, hann er hér í dag. Það var þó kannski ekki alveg okkur að þakka. Nei, þetta var hræðilegt. Á ég að segja þessa sögu?

Silja:

Gerðu það.

Ingibjörg:

Þetta var á páskadagsmorgun og við krakkarnir vorum eitthvað fyrir, held ég, í þessari litlu íbúð, af því það var verið að steikja páskalambið svo pabbi stakk upp á því að við færum út að labba og tækjum Þröst með í kerrunni. Hann var þá eins og hálfis árs. Úti var gott veður en svolítið kalt. Við fórum með hann sem leið lá niður allan Laugarveg og niður að Tjörn og vorum þarna á Tjarnarbakkanum fyrir framan Fríkirkjuna og skorðuðum kerruna þar mjög vandlega, að okkur fannst, í sandinum. Við vorum að leika okkur í fjörunni og fórum svolítið frá kerrunni en Þröstur var búinn að sjá endur sem hann langaði til að kynnast og hljóp af stað, einhvern veginn losaði hann sig. Við héldum að við hefðum bundið hann rækilega en því miður var ekki svo. Hann bara hljóp og sagði: „Skoða bra bra“ og var kominn út í tjörn. Þá varð ég bara eiginlega að steini. Ég gat ekkert gert í þessu en Ranna systir var miklu hugrakkari en ég og hljóp af stað og út í tjörnina og reyndi að ná honum. Það var örþunnt ísskæni upp við bakkann og síðan kom

klaki og hættan var sú að hann færi undir ísinn. Allt í einu fékk ég röddina og fór að æpa á hjálp. Það var fullt af fólki þarna. Þetta var fint fólk sem var að koma úr messu í Fríkirkjunni á páskadag og allir í sparifötunum náttúrlega og enginn til í að henda sér út í tjörn. Þetta var eins og eilífð, óratími, þegar við vorum að vesenast í þessu. En allt í einu kom ungur maður hlaupandi. Hann var í brúnum jakkafötum og hann var með einhverju fólki þarna ofarlega á Skálholtsstígnum. Hann kom hlaupandi og út í tjörn og náði í krakkann og lét okkur hafa hann, rennandi blautan. Við skelltum honum í kerruna og hlupum af stað organdi upp allan Laugarveg, sömu leið og við komum. Við hlupum organdi öll þrjú, Þróstur rennandi blautur og Ranna líka og við upp allan Laugarveg, út Snorrabraut og niður í kjallara heima!

Silja:

Þú hefur náttúrlega aldrei vitað hvaða maður þetta var sem bjargaði lífi drengsins?

Ingibjörg:

Nei, pabbi hafði eiginlega mestar áhyggjur af því að geta ekki þakkað manninum fyrir björgunina svo hann skrifaði þakkarbréf sem var birt í blöðunum. En við heyrðum ekkert meira frá honum.

Silja:

Ef hann skyldi hlusta þegar þessi þáttur verður sendur út, þá veit hann að þetta er ekki gleymt!

Byrjaði að yrkja í 12 ára bekk

Silja:

Ég er hérna með, uppi á skjánum, mynd af pabbastelpu hjá pabba sínum. Þú hefur sagt okkur að hann hafi verið hvetjandi í sambandi við skáldskap.

Ingibjörg:

Pabbi, já, hann var skáld sjálfur og þegar hann var ungur þá var hann með mikla skáldadrauma og orti talsvert. Baslið og vesenið eyðilagði það fyrir honum en hann orti alltaf, svona meira og minna og bjó til

vísur við öll tækifæri. Alls staðar þar sem var gestabók, þar var vísa eftir þabba. En hann gaf ekkert út. Það birtust, held ég, nokkrar vísur og eitt ljóð eftir hann einhvern tímann í *Alþýðublaðinu* undir dulnefni. Hann var ekkert fyrir að flíka þessu svo við systkinin tókum okkur til, hann var að vísu dáiinn þá, en við gáfum út bók með ljóðum hans og vísu. Það er eina bókin sem hefur komið út eftir hann. En hann var mjög hvetjandi og hann las fyrir okkur, eiginlega allt frá fæðingardegum, og hélt að okkur bókum og það var mikið talað um bækur og höfundu. Við áttum ekki mikið af bókum en við fórum á bókasafn.

Silja:

En voru skáld gestir á heimilinu? Hafðir þú kynni af skáldum í uppvextinum?

Ingibjörg:

Nei, engum svona snillingum, engum frægum. En alþýðukveðskapur var mikið í kringum mig. Föðuramma mín var líka svona vísnakona.

Silja:

Voru það fyrst og fremst hefðbundin ljóð sem hann fór með fyrir ykkur eða kynntist þú nútímaskáldskap?

Ingibjörg:

Eftir aðra, sem sagt?

Silja:

Já.

Ingibjörg:

Bæði og. Hann var mjög hrifinn af nokkrum höfundum. Fyrstu skáldin sem mér koma í hug þegar ég hugsa um hann, eru Stefán frá Hvítadal, Steinn Steinarr og Örn Arnarson. Ég man til dæmis að þegar ég var í menntaskóla þá var hann mikið að lesa og tala um atómskáldin og var mjög hrifinn af þeim. Þegar hann var ungur þá orti hann alltaf hefðbundið en svo átti hann til að yrkja alveg rímlaust svona þegar leið á ævina.

Silja:

Hér er mynd af bekk í Austurbæjarskóla, trúi ég.

Ingibjörg:

Já, þetta er „9 ára F“ og kennarinn er Valgerður Guðmundsdóttir.

Silja:

Glöggir munu þekkja þig í miðröð yst til hægri af stelpunum. Hvernig var Austurbæjarskólinn?

Ingibjörg:

Hann var bara yndislegur og Valgerður var besti kennari í heimi. Ég held að hún hafi verið mjög merkilegur kennari, hún Valgerður. Það var svo margt sem hún gerði, ekki bara það hvernig hún kenndi okkur, heldur hvernig manneskja hún var og hvernig hún kom fram við okkur. Það var svo mikil virðing og ást sem hún einhvern veginn gat miðlað okkur.

Silja:

Minnstu einhvers í sambandi við bókmenntalega reynslu frá árunum í Austurbæjarskólanum?

Ingibjörg:

Eiginlega ekki, fyrir utan að ég orti ljóð.

Silja:

Þú byrjaðir að yrkja þar?

Ingibjörg:

Ég byrjaði að yrkja þar í tólf ára bekk. Mér fannst svo merkilegt að vera að taka fullnaðarpróf og yfirgefa skólann. Ég var flutt í Kópavoginn en í tólf ára bekk tók ég strætó í Austurbæjarskólann. Ég vildi ekki heyra á það minnst að fara að skipta um skóla þarna síðasta veturinn. Þar sem þetta var allt svo alvarlegt og merkilegt þá bjó ég til kvæði og skrifaði það á blað. Það var eiginlega fyrsta vísan sem ég skrifaði niður og sýndi öðrum.

Silja:

Hefur hún varðveist?

Ingibjörg:

Já, já. Hún er meira að segja til á plakati.

Silja:

Geturðu farið með hana fyrir okkur?

Ingibjörg:

Nei, hún er allt of flókin til þess. Hún byrjaði svona: „Ó kæri gamli skóli, nú kveðjum við þig senn, því komið er að skilnaðarstundu“ - og svo framvegis.

Silja:

Já, við þurfum kannski ekki að heyra neitt meira. Nú getur hver ort fyrir sig! En finnst þér að ástríðan til skáldskapar hafi verið vöknud? Hefur þú eftir á meðvitund um það eða finnst þér það núna?

Ingibjörg:

Já, mér finnst það núna.

Silja:

Að þú hafir vitað það býsna lengi að þetta lægi fyrir þér?

Ingibjörg:

Ég veit ekki hvort ég vissi það almennilega en ég hafði voðalega mikinn áhuga á bókum og ljóðum.

Alin upp í bíósal MÍR

Áslaug:

Ég frétti að þú hefðir lesið *Önnu Karenínu* 12 ára gömul. Varstu byrjuð að lesa svona heimsbókmenntir á þessum aldri?

Ingibjörg:

Ég held að ég hafi verið búin með skólabókasafnið í Austurbæjar-skólanum. En ég fann *Önnu Karenínu* í bókaskáp austur í Hrunamannahreppi þar sem ég var í sveit. Það var stórkostleg upplifun. Þessi bók opnaði fyrir mér nýjan heim sem ég hafði ekki hugmynd um að væri til.

Áslaug:

Var hún kannski kveikjan að Rússlandsáhuganum?

Ingibjörg:

Með öðru, hugsa ég, og svo var ég eiginlega alin upp í bíósalnum hjá MÍR. Þar voru alltaf sunnudagasýningar fyrir börn og rússneskar kvikmyndir. Þar voru sýndar ævintýramyndir, *Steinblómið* og *Snædrottningin* og svoleiðis myndir, sem voru mjög fallegar. Síðan voru myndir um ungherjana með rauðu klútana sem bjuggu í ægilega fínnum blokkum og voru í svo fínnum skólum og maður sá hve gaman var hjá þeim.

Silja:

Þannig að Rússland hefur verið ótrúlega nærri þér?

Ingibjörg:

Já, ég held að foreldrar mínir hafi bæði verið félagar í MÍR og mamma var í Kvenfélagi sósíalista. Þetta var miklu nær mér heldur en til dæmis Bandaríkin.

Jón Karl:

Í fyrstu ljóðabókinni þinni og fyrstu ljóðunum ertu svolítið að sýna upp í bókaskáp hjá þér. Mér fannst ég þar bera kennsl á kvenhetjur nokkrar, Línu langsock greinilega og kannski Söлку Völkú. Lastu hana snemma?

Ingibjörg:

Ég var nú ábyggilega flutt af Snorrabrotinni þegar ég las hana. Ég minnst þess að hafa lesið hana sem unglingur.

Jón Karl:

Þú minnst líka á Tyrkja-Guddu? Hún er einhvers staðar að fylgjast með þér í æskunni.

Ingibjörg:

Já. Það var svo skrytið með Tyrkja-Guddu; einhver hefur sagt mér söguna af henni þó að ég muni ekki eftir því. En ég fékk oft martröð sem tengdist Tyrkja-Guddu. Það var á Snorrabrotinni. Þá fannst mér að það væri kona á mynd á vegg þarna heima hjá mér. Þessi mynd kom út úr veggnum. Þetta var svarthærð kona með dálítið stingandi augu. Hún var með skipt í miðju en kom alltaf nær og nær og ég dróst einhvern veginn að henni. Þetta var í raun bara höfuðið, höfuð konunnar,

og hún með þessa skiptingu sem mér fannst alltaf vera að dýpka ofan í höfuðið á henni. Það kom svona eins og skurður og það var eins og ég væri að dragast ofan í þennan skurð. Þetta var versta martröð sem ég man eftir. En þetta var Tyrkja-Gudda. Ég vissi að þessi kona væri hún.

Jón Karl:

Svo er ein enn sem ég þóttist þekkja þarna, kannski eru þetta bara óbein áhrif. Þar ert þú að lýsa að þið hafið verið að leika í skólaleikriti, sem sagt álfadrottningu og álfakóng, og þið kyssist á sviðinu en svo reynir strákurinn að kyssa þig eftir sýningu og þá rekurðu honum kinnhest. Eru það einhver Hallgerðaráhrif?

Ingibjörg:

Þú segir nokkuð. Það gæti alveg verið. Ég var nú líklega ekki farin að lesa *Íslendingasögurnar* þá en pabbi hefur örugglega sagt mér söguna af Gunnari og Hallgerði. Það hlýtur að vera. Þegar ég var svona tólf ára fór ég að lesa *Íslendingasögurnar* og þá átti maður frænku minnar einhverja stríðsáraútgáfu af þeim. Þær voru bundnar inn í brúnan umbúðapappír. Ég veit ekki hvort einhver hefur séð svona litlar, þykkar bækur í brúnum umbúðapappír? Einhvern tímann fór ég að lesa þetta þegar ég var í heimsókn hjá þeim, gott ef það var ekki *Njála*, og ég fékk lánaðar hjá þeim nokkrar fleiri bækur og las þær líka. Þær voru náttúrulega með gömlu stafsetningunni en mér fannst það ekkert tiltökumál. Ég sleppti bara þessum bardögum voða mikið. Það voru alls konar ástarsögur innan um og ég hafði ógurlega gaman af þessu. En þetta með kinnhestinn þarna í húsasundinu, það var ekki út frá þeim lestri. Lesturinn var seinna.

Jón Karl:

En er strákurinn í salnum?

Ingibjörg:

Nei, ég held nú ekki en ég get alveg sagt þér hver þetta var ef þú segir engum frá því. Hann heitir Guðbergur Auðunsson og var sætasti strákurinn í bekknum.

Silja:

Svo þú sérð ennþá eftir að hafa lamið hann?

Ingibjörg:

Svolftíð.

Mentorarnir mínir

Silja:

Núna er uppi á tjaldinu mynd af pabba þínum og vini hans sem þú sagðir mér að hefði líka haft ljóð um hönd á heimilinu.

Ingibjörg:

Þessir tveir voru góðir saman. Þetta eru Pétur Sumarliðason barnakennari og pabbi. Þeir voru bestu vinir og Pétur átti bíl, öfugt við okkur, og bauð okkur stundum í bíltúr og við fórum stundum Hvalfjörðinn. Þá fór hann með gjörvalla bálkinn um Helgu Jarlsdóttur. Það tók allan Hvalfjörðinn að fara með kvæðið! Hann var alveg einstakur maður, hann Pétur. Þeir sýndu mér mikinn áhuga, sérstaklega á menntaskólaárunum þegar ég var að bræða með mér hvort ég ætti kannski að þora að sýna ritstjóra *Skólablaðsins* ljóðin mín. Þá hvöttu þeir mig alveg óspart og voru alveg dásamlegir. Þeir voru að leiðrétta mig, til dæmis með því að segja: „Þú ættir ekki að hafa þankastrik þarna, það er algjör óþarfi“ og ýmislegt fleira. Og seinna, þegar ég þýddi einhverja smásögu, ég held það hafi verið áður en ég fór til útlanda, þá lögðust þeir yfir þessa þýðingu mína og fóru um hana mjúkum höndum og hvöttu mig mjög áfram á skáldabrautinni. Þannig að þeir voru svona, hvað segir maður, mentorarnir mínir.

Silja:

Já, ég held að við séum komin með nokkuð góðar leiðbeiningar um það hvernig við eigum að ala upp skáld.

Þá langar mig til að biðja þig um að lesa úr *Skólablaði MR*. Ljóðin, sem þú birtir þar, birtust ekki í ljóðabókunum þínum. Þú hefur kannski ekki verið nógu ánægð með þau til þess?

Ingibjörg:

Nei. Þið eigið nú eftir að skilja það mæta vel. En ég ætla að reyna að lesa þau. Það er ekkert sérstaklega auðvelt. Þetta eru tvö ljóð sem hún heimtar að ég lesi. Það fyrra heitir „Pastorale“.

Í skóginum þýtur hljóðlátur blær.
Hann hvíslar að grænkandi laufinu:
Vorið, vorið, það kemur, það kemur.
Við lindina situr hin unga mæð
og hlýðir í draumi á raddir vorsins.
Roða slær á hvítan vanga
og varirnar bærast í titrandi brosi.
Upp úr leyndustu djúpum hjartans
stígur orðlaust ljóð.
Hún rís á fætur eins og skógarhind
og stígur holdlausan dans
undir þungum laufkrónum.
Andvarinn strýkur hárið bjarta
og hvíslar í eyra meyjarinnar:
hann kemur, hann kemur,
eins og vorið.

Ingibjörg:

Ég veit ekki hvort ég get lesið hitt!

Silja:

Nei, kannski við hlífum þér bara við því. Þetta var óvænt skemmtun.
Þú hefðir nú ekki þolað neinum öðrum að lesa þetta ljóð svona.

Ingibjörg:

Nei, ég hefði ekki þolað neinum öðrum að lesa þetta ljóð.

Áslaug:

Á menntaskólaárum mínum voru skólaskáld hálfgerð fyrirbæri. Það voru fræg ljóðskáld eins og Þórarinn Eldjárn, Steinunn Sigurðardóttir, Pétur Gunnarsson og fleiri og það vissu allir að þetta voru Skólaskáldin, með svona stóru ess-i, sem áttu eftir að verða skáld og halda áfram á þeirri braut. Leist þú á þig svona sem dæmigert skólaskáld á þessum árum?

Ingibjörg:

Já. Ég vona að þessi hefð sé ennþá í MR. Það var rosalega gaman að vera skólaskáld. Maður fékk að skrifa ljóðin sín í bók sem hét Hulda. Það

var sérstök bók fyrir skólaskáld til að skilja eftir. Sú bók átti að geymast um eilífið í þessum skóla. En hún er sjálfsagt týnd núna. Í mínum árgangi vorum við þrjú skólaskáld: Böðvar Guðmundsson, Sverrir Hólmarsson og ég. Það var alveg á hreinu.

Silja:

Hvernig var að vera í MR á þessum árum?

Ingibjörg:

Það var nú bara gaman, svona að mestu leyti.

Silja:

Minnstu menntaskólaáranna með ánægju?

Ingibjörg:

Já, ég geri það. Ég átti vini í skólanum náttúrliga, vinkonur aðallega, en félagslíf mitt var miklu meira á Tjarnagötunni hjá Fylkingunni og á börnunum.

Silja:

Og hvernig var það séð í MR að félagslíf þitt skyldi vera niðri í Fylkingu, skólaskáldsins sjálfs?

Ingibjörg:

Hann Guðni, sá frægi kennari sem kenndi mér meðal annars frönsku, hann byrjaði alltaf tímenn á mánudagsmorgnum á að spyrja mig á frönsku hvað ég hefði gert um helgina og þetta er eiginlega eina setningin sem ég kann á frönsku. Ég sagði alltaf að ég hefði verið á Tjarnargötu 20 og hann varð alltaf hneykslaður á svipinn. Þá fór ég að skipta og reyndi að segja honum að ég hefði verið í Naustinu eða á Borginni eða einhvers staðar og þá varð hann ennþá hneykslaðri. Hann stríddi mér svolítið á þessu. En maður átti að vera einhvern veginn svona, maður var skólaskáld og þá var maður einmitt svona bóhem!

Silja:

Það var nefnilega það. Þú hefur alveg lifað upp til þess?

Ingibjörg:

Ég reyndi það eftir bestu getu.

Jón Karl:

En var algengt að stelpur væru skólaskáld í MR á þessum tíma?

Ingibjörg:

Nei, það var ekki algengt, held ég. Alla vega ekki á meðan ég var þarna.

Jón Karl:

Þú hefur talað um fyrirmyndirnar eða áhrifavaldana í viðtali og þá nefnt Ástu Sigurðardóttur í því sambandi og þú hefur líka sagt að það hafi verið myndlistarkonur sem þú leist upp til. Hvaða konur voru það?

Ingibjörg:

Ég er ekki tilbúin að nefna þær, nema Siggú Björns sem ég leit mikið upp til og geri enn. En mér fannst einhvern veginn að það hlyti að vera gott fyrir konu að vera myndlistarkona. Hún gæti verið svo frjáls. Mér fannst það.

Jón Karl:

En það eru í rauninni ekki margar íslenskar skáldkonur sem þú getur tekið þér til fyrirmyndar á þessum tíma?

Ingibjörg:

Á þessum tíma voru þær bara ekkert byrjaðar að gefa út. Hvenær kemur Vilborg með sína fyrstu bók? Það er sextíu og eitthvað, er það ekki?

Silja:

Jú, það er um 1960.

Ingibjörg:

Ég vissi náttúrliga af henni og Nínu Björk en þetta var bara að byrja. Ég fann enga sérstaka samkennd með Huldu til dæmis eða einhverjum af þessum eldri skáldkonum.

Jón Karl:

En hvaða karlskáld varstu að lesa?

Ingibjörg:

Á menntaskólaárunum var ég mikið að lesa Snorra Hjartarson og Stein og svo voru strákar nær mér heldur en konurnar, til dæmis Ari Jósepsson og Dagur jafnvel. Þorstein frá Hamri las ég náttúrlega líka en hann var bara svolítið ólíkur mér. En ég las hann þegar hann fór að gefa út.

Silja:

Þú varst líka dálítið pirruð á kvenfólkinu í kringum þig? Þú skrifaðir þekkta grein í skólablaðið sem skólasystur þínar hafa ekki fyrirgefið þér enn.

Ingibjörg:

Ég veit það nú ekki en þær heilsuðu mér ekki í nokkra daga á eftir! Já, það var grein sem ég hefði kannski ekki átt að skrifa. Hún hét „Verði ljós“. Hún var um andlegan vanþroska menntaskólástúlkna.

Silja:

Þær tóku þessu ekki sem elskulegri hvatningu um að standa sig betur?

Ingibjörg:

Nei, merkilegt nokk, þær gerðu það ekki. Ég hélt að þær mundu gera það en þetta fór eitthvað öfugt í þær.

Fyrstu skáldalaunin

Silja:

Þú varst ennþá í menntaskóla þegar þú birtir ljóðin í *Birtingi*. Segðu okkur aðeins frá því hvernig það kom til. *Birtingur* birti nú ekki hvað sem var og ekki margt eftir konur.

Ingibjörg:

Já, ég veit ekki alveg hvernig það kom til en ég veit að það tengdist Jóni frá Pálmholti. Einhvern veginn hafði ég kynnst honum í þessu félagslífi mínu þarna á Tjarnargötu, Naustinu og svo framvegis og við urðum ágætis kunningjar. Hann var alltaf að ýta mér áfram og reyna að

koma mér á framfæri. Láta mig lesa upp eða eitthvað og svo einu sinni sagðist hann hafa talað við Einar Braga og sagði að ég skyldi koma með honum í heimsókn til Einars og ræða hvort það væri ekki hægt að fá ljóð birt í *Birtingi*. Einar átti heima í Unuhúsi þá og mér fannst það bara eins og að ganga inn í helgidóm að koma í Unuhús. Ég var full af einhverjum heilagleika þarna inni og var með ljóðin mín. Einar var búinn að sjá þau og sagði að hann ætlaði að birta þau. Við sátum þarna og vorum eitthvað að rabba saman ásamt Jóni frá Pálmholti og þetta var voða huggulegt. Svo stendur Einar Bragi allt í einu upp og gengur alveg í hinn endann á stofunni og þar er skrifborð. Dregur þar út skúffu og tekur upp lítinn peningakassa, setur hann á borðið og opnar með lykli. Þetta var bara athöfn. Síðan tekur hann upp þrjá peningaseðla. Ég man ekkert hvort það voru hundraðkallar eða þúsundkallar eða hvað en þeir voru þrír. Það man ég mjög vel. Hann tekur þá upp og kemur gangandi til baka og réttir mér peningana og segir um leið: „Þessari stund gleymir þú aldrei. Fyrstu skáldalaunin þín. Gjörðu svo vel.“

Silja:

Nú erum við komin með stúdent þarna upp á vegginn. Og þarna er mynd af þér, þar sem þú ert ekki nemandi heldur kennari. Þú kenndir eitt ár eftir stúdentspróf, er það ekki?

Ingibjörg:

Jú, af því ég komst ekki strax til Moskvu. Ég þurfti að bíða einn vetur og þá fékk ég vinnu í Vogaskóla. Kenndi þar nokkra tíma í viku, ensku og íslensku í tveimur bekkjum.

Silja:

Var það lærdómsrík reynsla?

Ingibjörg:

Já, hún dugði til að sannfæra mig um að ég yrði aldrei kennari og skyldi ekki reyna það!

Silja:

Þarna er veisla.

Ingibjörg:

Já, þetta er fjölskyldumynd. Þetta er á jólunum 1962. Parna erum við systurnar gjafvaxta meyjar og hálfbróðir okkar, Gunnar. Hann er dáiinn núna. Hann var sonur pabba og var eldri en ég. Ég kynntist honum ekki fyrr en ég var unglingur. Hann átti heima fyrir norðan, á Sauðárkróki, og Lára konan hans er við hliðina á honum og svo pabbi og mamma. Svo situr Pröstur í miðjunni fremst og synir þeirra Gunnars og Láru.

Silja:

Var þessi mynd tekin áður en þú fórst til Rússlands?

Ingibjörg:

Já, þetta var veturinn sem ég var að kenna og þetta var tekið á Lauga-veginum þar sem við bjuggum.

Bælt og þaggað

Jón Karl:

Það er ljóð eftir þig í nýjustu bókinni sem heitir „1962“. Ég staldraði við tvö orð. Þú ert að lýsa stemmningunni en á bak við stemmninguna eru tvö orð, „bælt“ og „þaggað“. Nokkur orð frá þér um þetta ár, 1962?

Ingibjörg:

Ég orti þetta ljóð eftir að ég sá í sjónvarpi myndina *79 af stöðinni*. Ljóðið er ekki beint um þessa mynd en það er um andrúmsloftið sem mér fannst vera í myndinni og sem ég mundi sjálf eftir frá þessum tíma. Myndin er gerð 1962, held ég, og það var einhver tilfinning sem þessi mynd kveikti hjá mér. Þetta gerðist á borgaralegu heimili og það voru svo miklar þagnir og fólkið talaði svo hægt og skýrt. Munið þið eftir þessari mynd? Það var ægilega gaman að sjá hana svona löngu seinna. Maður tók ekkert eftir þessu í gamla daga. Þá var þetta bara venjulegt en núna er hún svo ótrúlega bæld eitthvað. Fólkið er alltaf í einhverjum stellingum og talar svo hægt og skýrt.

Silja:

Finnst þér að það hafi verið þannig á þessum tíma?

Ingibjörg:

Já, mér finnst það svolítið.

Silja:

Losnaðir þú kannski við þessa bælingu á Tjarnargötu 20 eða var þar líka bæling?

Ingibjörg:

Nei, þar var svolítið öðruvísi stemmning. Þessi bæling tilheyrir eiginlega annarri stétt. Ég fann fyrir henni þegar ég kom inn á heimili þar sem allt var voða fínt. Þar fannst mér vera svona andrúmsloft.

Áslaug:

Upplifðir þú frelsistilfinningu við að koma til Rússlands?

Ingibjörg:

Árið 1963? Ég segi það nú ekki. Það var allt annar andi þar, má segja. Nei, ætli það hafi beint verið frelsi sem ég fann fyrir í Rússlandi.

Áslaug:

Ekki frelsi frá fjölskyldunni? Þú varst ein, allt í einu.

Ingibjörg:

Ég var ekkert svo ein, ekki til að byrja með. Við vorum þrjú sem fórum saman, vorum samferða alla leið og lentum síðan á stúdentaheimili, í sama skóla og gengum eiginlega þrjú saman í gegnum þetta. Þetta var náttúrulega óskapleg breyting á öllu. Það er svo furðulegt að koma þarna og vera þarna.

Silja:

Ég var að vonast til að við myndum ná Rússlandi áður en við tækjum hlé en af einhverjum orsökum hefur stjórn þessa Ritþings farið úr böndum. Það er komið að atriðinu sem við ætlum að hafa, hinu listræna atriði fyrir hlé. Eftir hlé ætlum við að byrja á tónlist þannig að þá verðum við kölluð með tónlist inn í salinn aftur. En áður en við tökum hlé, ætla ég að biðja Guðmund Ólafsson að lesa bút úr þýðingu Ingibjargar á *Glæp og refsingu* eftir Dostojevskí, svona til að koma okkur í rússneska stemmningu.

Hlé

Silja:

Það var til þess tekið meðal gesta hvað börnin þeirra Sigríðar og Haralds eru gríðarlega vel og fallega klædd á þessum myndum, sem við sáum áðan, sem hafa greinilega verið teknar af fagmönnum. Ekki neinar skyndimyndir þar. Rannveig systir þín sagði að mamma þín hefði saumað þessa fallegu kjóla og fötin á ykkur.

Ingibjörg:

Já, hún saumaði allt á okkur. Hún saumaði kápur og allt sem við þurftum. Við fórum stundum í myndatöku til Kaldals og þá sérstaklega við hátíðleg tækifæri, eins og til dæmis þegar ég fermdist og varð stúdent. Svo vann móðursystir mín lengi hjá Sigríði Zöega, á ljósmyndastofunni. Þótt hún ynni ekki þar sem ljósmyndari lærði hún að taka góðar myndir og við systkinabörn hennar fengum að njóta þess.

Langaði að búa til kvikmyndir

Silja:

Þó að við höfum nauman tíma þá held ég að ég verði að fá að spyrja þig hvernig stóð á því að þú valdir Moskvu og kvikmyndagerðina? Það virðist ekki hafa legið beint við tvítugri stúlku árið 1963. Var það ekki 1963 sem þú fórst utan?

Ingibjörg:

Jú, ég fór í september 1963 til Moskvu. Mig hafði lengi langað til útlanda, að skoða heiminn og læra eitthvað. Mig langaði líka að búa til kvikmyndir. Ég veit ekki almennilega af hverju. Mig langaði að búa til kvikmyndir og mig langaði til útlanda og þá þurfti ég að komast í einhvers konar kvikmyndaskóla. Ég var búin að heyra um og þekkti fólk sem var að læra kvikmyndagerð. Ég þekkti einn sem hafði lært í Englandi og ég byrjaði á að skrifa bréf til London Film School og sagði þeim alla mína ævisögu og spurði hvort þeir gætu ekki tekið mig inn í skólann. Þeir svöruðu því játandi en sögðu jafnframt að ég þyrfti að fá styrk einhvers staðar. En það var ekki hlaupið að því að fá styrki. Þá fór ég að tala við þessa menn sem ég þekkti og voru að læra í

Austur-Evrópu; Þorgeir Þorgeirsson í Tékkóslóvakíu, Magnús Jónsson í Moskvu og Þránd Thoroddsen í Póllandi. Ég talaði fyrst við Þorgeir sem reyndi nú allt sem hann gat til að fá mig ofan af þessu af því honum þótti svo vænt um mig. Hann vildi ekki að ég lenti í þessu veseni sem var í kring um kvikmyndagerðina. Það var aðallega það. En svo endaði þetta með því að ég ákvað að reyna að komast til Moskvu. Það var fýsilegasti kosturinn þegar ég var búin að athuga þetta svolítið. Auðveldast að komast þangað. Svo reyndist nú bara vera einn styrkur í boði þar og sá var frátekkinn. Eyvindur Erlendsson var á honum úti í Moskvu í leikhúsnámi og þá var bara einn maður eftir sem gat bjargað þessu og það var Einar Olgeirsson. Hann útvegaði mér skólavist og styrk sem var mjög góður. Í þessum sósíalísku löndum var fólki borgað fyrir að vera í skóla. Það var svo einfalt. Maður gat alveg lifað af styrknum og meira að segja komist heim á sumrin. Svo þetta var algjör lúxus og ég sem sagt fór þangað.

Silja:

Viltu segja okkur aðeins frá því hvernig var að koma til Rússlands?

Ingibjörg:

Ég er búin að skrifa um þetta í endurminningabókinni sem ég er að skrifa og það er meira að segja búið að birta þetta í *Skírni*. Ef við höfum lítinn tíma þá getum við bara bent fólki á það! En það var mikið ævintýri að koma til Rússlands. Við vorum þrjú sem fórum samferða þangað, eins og ég var búin að segja, og þegar lestin kom að landamærum Póllands og Rússlands þá var stoppað því það var eitthvað að teinunum. Lestirnar voru ekki samræmdar þannig að það varð eitthvað að laga. Þar kom ég á lestastöð sem ég hefði aldrei getað ímyndað mér að væri til. Þetta var um hánótt og stöðin var full af sofandi fólki og það kom einhver lykt á móti manni sem var algjörlega ólýsanleg. Hún hafði mjög mikil áhrif á mig, svo mikil að ég gat ekki borðað matarbita fyrir en ég var lögð inn á spítala um það bil þremur vikum seinna. Þá var ég komin með blóðkreppusótt sem er náttúrulega bara fínt orð yfir sult. Já, það má segja það, bara hungur. Ónæmiskerfið var komið í ólag og þá fékk ég einhverja bakteríu sem olli þessum ósköpum. Þetta var alveg hræðilegur tími. Fyrsti mánuðurinn í Moskvu var ömurlegur svona heilsufarslega. Voða gaman að öðru leyti en heilsan var ekki nógu góð. Ég fékk alveg frábæran lækni á þessum spítala sem tók mig

alveg í gegn og kenndi mér að borða rússneskan mat og sagði mér að vera ekkert að kvarta undan honum, reyna heldur að venjast honum. Á milli töluðum við um bókmenntir. Ég var að lesa Sholokhov á dönsku og hún var ánægð með það. En þar sem ég kunní ekkert í rússnesku og hún talaði og talaði um bókina á rússnesku þá skildi ég ekkert hvað hún var að segja! En eftir þetta var allt í lagi með heilsufarið.

Áslaug:

Ég spurði einhvern tímann Geirlaug Magnússon skáld, heitinn, um tím-ann þegar hann var í Moskvu. Hann var þar líklega á svipuðum tíma og þú. Þá leit hann bara á mig og sagði: „Hún var grá“. Fannst þér dvölin í Moskvu, þessi fimm ár, vera svolítið grá eða hvernig fannst þér andrúmsloftið vera?

Ingibjörg:

Nei, ég myndi aldrei lýsa því þannig. Það var svo margt skemmtilegt sem gerðist að mér fannst aldrei vera einhver sérstakur grámi yfir borginni.

Áslaug:

Nei, sumir hafa lýst þessu þannig en öðrum hefur fundist mikið ævintýri að koma til Sovétríkjanna á þessum árum.

Ingibjörg:

Ég held að hvort tveggja sé rétt. Það fer bara svolítið eftir því hvernig maður er sjálfur innstilltur, býst ég við.

Silja:

Hvernig var námið? Var þetta góður skóli?

Ingibjörg:

Fyrsta veturinn vorum við bara að læra málið í þar til gerðum skóla fyrir útlendinga. Þar var mjög góð kennsla og okkur gekk vel að læra nógu mikið til að geta byrjað í venjulegum skóla á háskólastigi sem var markmiðið. Ég held að flestum hafi nú tekist það. Svo fór ég í þennan kvikmyndaskóla og hann var að mörgu leyti mjög góður. Það voru svolítill vandræði á mér fyrst. Ég var að velta fyrir mér hvort það væri ekki praktískara að gerast kvikmyndatökumaður. Þá gæti ég

bara alveg séð um þessar kvikmyndir. Ég gæti tekið þær sjálf, leikstýrt þeim og leikið í þeim þess vegna líka! Mér fannst það passa betur á Íslandi af því þar voru engin kvikmyndaver. Það var ekki einu sinni sjónvarp á Íslandi þegar þetta var. En ég var að ímynda mér að kvikmyndatökunám væri praktískt svo ég byrjaði á einhverju slíku sem reyndist bara vera efnafræði og ljósmælingar sem ég bara gat ekki skilið. Ég eyddi nokkrum mánuðum í þetta en svo fékk ég að skipta og þá fór ég í leikstjórn og það var miklu skemmtilegra. Þar var maður að leika, leikstýra, skrifa, lesa bókmenntir, listasögu og allt þetta sem er skemmtilegt í lífinu og það gekk bara nokkuð vel.

Áslaug:

Var pólitík ekki hluti af náminu? Þurftir þú ekki að lesa Lenín og vinna svokallaða sjálfboðavinnu á laugardögum og svo framvegis?

Ingibjörg:

Nei, við útlendingarnir, alla vega við sem vorum í þessum skóla og frá Vesturlöndum, við þurftum ekki að taka þessi pólitíska fög. Auðvitað var allt gegnsýrt af einhverjum Marx-Lenínisma. Fólkið hugsaði þannig og kennararnir og það var bara innbyggt í þetta allt saman. Við sluppum alveg við viðamikil fög eins og sögu kommúnistaflokksins þangað til þeir réðust inn í Tékkóslóvakíu 1968. Þá var ég svo óheppin að vera ekki búin með skólann. Ég átti bara eina kvikmynd eftir og þá var ég búin að vera á Kúbu í tæpt ár og kom aftur til að taka þessa mynd. Þá voru helvítin búin að ráðast inn í Tékkóslóvakíu og þá sögðu þeir: „Nú verður þú að gjöra svo vel að lesa marxíska fagurfræði og sögu kommúnistaflokksins og fleiri fög.“

Silja:

Áttir þú að taka próf í þessu?

Ingibjörg:

Nei, ég sagði að það væri allt í lagi með fagurfræðina, ég gæti alveg lesið hana en ekki hitt og ég komst upp með það. Þeir voru nú ekki verri en það. En það voru margir sem lentu í þessu.

Tenging við Rússland

Jón Karl:

Pegar maður les bækurnar þínar þá er áberandi hvað þú yrkir mikið um Kúbu fram eftir öllu. Fyrstu ljóðin yrkir þú þegar þú ert þar og síðan ertu alltaf að líta um öxl. En það eru ekki mörg ljóð sem tengjast Sovétríkjunum eða Moskvu. Í rauninni er „Myndaborg hugans - Moskva“ merkasta ljóðið í bókinni *Nú eru aðrir tímar*. Reyndar fjallar helmingur af ljóðinu um Kúbverjann sem þú hittir í Moskvu.

Ingibjörg:

Já, að vísu!

Jón Karl:

Þú hefur einhvern tímann sagt mér að þú hafir átt erfitt með að orða þennan tíma og þú talar um að þetta sé samfélag sem sé mjög erfitt að lýsa á íslensku og að það þurfi að lýsa því á rússnesku. Þú segir meðal annars í þessu ljóði: „... hélt að lygin / væri annarsstaðar“. Hvenær komstu að því að lygin var í Moskvu líka? Var það innrásin í Tékkóslóvakíu sem hafði áhrif?

Ingibjörg:

Meðal annars. Það gerðist svo margt áður en þetta leystist allt upp og hrundi. Það er svolítið erfitt að átta sig á því hvenær. Ég var á Kúbu þegar innrásin í Tékkóslóvakíu var gerð og það var mjög einkennilegt að vera þar á þessum tíma og fylgjast með umræðunni þar og hvað stóð í blöðunum. Til að byrja með var eins og þetta væri allt einhvern veginn opið. Það voru fréttaskeyti frá Vesturlöndum og alls staðar var fjallað um þetta ástand í blöðunum á Kúbu. Svo kemur innrásin og þetta heldur svona áfram í sama dúr. Þeir voru mjög krítískir. Svo heldur Fidel Castro ræðu þar sem hann einhvern veginn samþykkir innrásina og það var rosalegt áfall. Það var voða mikið að gerast sem maður vissi eiginlega ekki hvað var. Maður hafði náttúrlega ekki svona yfirsýn eins og maður hefur núna. Maður var að lesa um þetta nýtt í blöðunum og ég held að þetta hafi gerst svona smátt og smátt.

Jón Karl:

Annað sem ég fór að hugsa um þegar ég var að leita að Moskvu-

ljóðum og fann þau hvergi. Það var hvort þýðingarstarfið, en þú hefur þýtt gríðarlega mikið af rússneskum bókmenntum, væri að einhverju leyti þín tjáning á þessum heimi? Hafa þýðingarnar þjónað þessu hlutverki sem ljóðin gera kannski í tilviki Kúbu?

Ingibjörg:

Já, það getur alveg verið. Það er náttúrlega eins og að fara til Rússlands að vera að þýða þessar bækur. Það er eins og að vera inni í þessum heimi; þetta er sama menning og sama sögusvið. Ég las þessar sögur fyrst þegar ég var í skólanum í Moskvu og það tengir mig óneitanlega Rússlandi að þýða þær.

Silja:

Hérna uppi á tjaldinu er mynd af þér og ungum manni. Er þetta Kúbverjinn sem tældi þig?

Ingibjörg:

Já, þetta er Kúbverjinn sem tældi mig.

Silja:

Var hann líka í kvikmyndanámi?

Ingibjörg:

Já, hann var dálítið á undan mér því hann kunnir á kvikmyndavél og hafði meira að segja gert heimildamyndir á Kúbu. Hann byrjaði á því áður en hann fór að læra. Við kynntumst fljótlega eftir að við komum til Moskvu. Hann byrjaði sama haustið og ég. Fyrst vorum við bara kunningjar og svo þegar við byrjuðum í kvikmyndaskólanum þá fór hann að tæla mig og svo giftum við okkur á Þorláksmessu 1966.

Silja:

Þú ættir kannski að segja fólkinu hvað maðurinn heitir.

Ingibjörg:

Já, er ég ekki búin að því? Hann heitir Idelfonso Ramos og er yfirleitt kallaður Ramos. Ég hef alltaf kallað hann Ramos þótt það sé ættarnafn því mér finnst Idelfonso ekki nógu skemmtilegt nafn. Og ef ég stytta það þá er eins og ég sé að reyna að segja Fidel en sleppi bara eff-inu.

Já, þetta er svona vandræðanafn svo ég kalla hann bara Ramos.

Silja:

Þetta er falleg mynd.

Ingibjörg:

Já, sérstaklega af því að það er svo góður maður þarna á bak við mig, Lenín. Þetta er í giftingarhöll í Moskvu þar sem giftingar voru afgreiddar eins og á færiband. Á fimm mínútna fresti opnuðust dyr og þá komu næstu brúðhjón inn. Það voru spilaðar kirkjuklukkan af segulbandi þegar maður gekk inn og brúðarmarsinn þegar maður gekk út, í annan sal. Þar var kampavín og þar átti maður að skála og þetta átti allt að gerast á methraða. Bara upp með glösin, sturta í sig og út og svo næsti. Svona var þetta allan daginn. Mjög athyglisverð aðferð til að gifta fólk!

Silja:

En þú hefur þurft að taka tíma til þess að skrifa nafnið þitt þarna samt?

Ingibjörg:

Jú, þarna er ég að skrifa. Þarna eru giftingavottarnir, þessar tvær, önnur rússnesk og hin kúbönsk. Þær voru skólasystur okkar. Það sést glitta í Eyvind Erlendsson þarna á bak við brúðgumann. Og hitt eru skólafélagar okkar.

Silja:

Var Moskva góð umgjörð utan um ástina?

Ingibjörg:

Það var nú alla vega. Það er nú ekkert gaman að búa á stúdentagarði hvorki í Moskvu né annars staðar. Það er að segja þegar maður er ástfanginn. En þegar við vorum gift, þá fengum við stórt herbergi í stórrí íbúð. Það var eitthvað á vegum kúbanska kvikmyndaráðherra. Þar bjuggum við. Eini gallinn var að við vorum hálfan annan klukkutíma á leið í skólann, hvora leið. Þrjú tíma á dag í neðanjarðarlest og strætisvögnum. Það var svolítið lýjandi.

Áslaug:

Mig langar að spyrja þig um tengslin milli kvikmyndanámsins og bókmenntanna og hvort ástæðan fyrir því að þú þýðir Dostojevskí og Bulgakov geti verið sú að þeir eru báðir svona myndrænir, dramatískir höfundar?

Ingibjörg:

Það er svolítið erfitt að segja. Kvikmyndin og bókmenntirnar eru náttúrlega tvær aðferðir til að segja sögu og því meiri dramatík, því betri kvikmynd. Því meiri dramatík, því meiri Dostojevskí. Þegar við gerðum kvikmyndir, svona stuttmyndir í skólanum, tvær í allt með leikurum og svona, þá gerði ég aðra þeirra eftir smásögu eftir Tsjekhov og hina byggði ég á smásögu eftir Bulgakov, þannig að ég leitaði í bókmenntirnar.

Silja:

Þannig að þú hefur byrjað á að þýða þessa menn yfir á kvikmyndatjald?

Ingibjörg:

Já, ætli það ekki.

Silja:

Svo þegar íslenska ríkið hafði engan áhuga á að nýta sér menntun þína þá fórstu að þýða þær yfir á pappír?

Ingibjörg:

Já, heyrðu, þarna er komin ágætiskenning. Get notað þetta einhvern tímann!

Jón Karl:

Það eru nokkur ljóð í bókunum þínum sem eru ferðaskissur. Maður sér að þú ert á ferðinni, í Eyrstrasaltslöndum, hér og þar og eitt ljóð heitir „Jalta“. Þar ertu, að manni virðist, að heimsækja sögusvið frægustu sögu Tsjekhovs, *Konunnar með hundinn*. Fannstu það sem þú varst að leita að?

Ingibjörg:

Nei, ég var hundlaus. Ég fór til Jöltu í fyrsta sinn löngu seinna. Þá var ég með íslenskan túristahóp og fór tvisvar sinnum til Jöltu. Það var

svo gaman að koma þangað. Þetta er eitt af þessum ljóðum þar sem ég er að líta til baka og reyna að finna eitthvað sem var. Það er voða vinsælt hjá mér.

Jón Karl:

Finnurðu það yfirleitt ekki?

Ingibjörg:

Nei, ég finn það yfirleitt aldrei. Þetta ljóð gengur eiginlega út á það að mér fannst ég vera komin aftur til Sovétríkjanna, þetta var fyrir endalok þeirra, á Glasnost-tímanum. Mér fannst vera einhvers konar stemming en ég hafði aldrei áður verið við Svartahafið eða svona sunnarlega. Samt heyrði ég bara rússnesku og fann fyrir Tsjekhov-áhrifum. Það er frábært safn um Tsjekhov í húsinu sem hann átti þarna og sem hann bjó í síðustu árin. Já, það var einhver svona tilfinning, einhver nostalgía.

Höfuð konunnar

Silja:

Við erum með ansi fallega mynd á tjaldinu núna.

Ingibjörg:

Já, þarna fékk ég góða gesti. Þetta eru Vilborg Dagbjartsdóttir og Eyvindur Erlendsson. Við erum í Moskvu, heima hjá mér, í þessu herbergi sem ég var að tala um, stóra herberginu. Þarna er meira að segja gifsmynd af mér uppi á vegg eftir lettneska listakonu.

Jón Karl:

Höfuð konunnar, enn einu sinni.

Ingibjörg:

Já, þetta er höfuð konunnar. En þetta er höfuð konunnar sem nú er á Kúbu. Ég skildi það eftir þar. Það er ennþá þar upp á vegg.

Silja:

Þannig að þú átt ennþá höfuð á Kúbu?

Ingibjörg:

Já.

Silja:

Hér ertu með einkar glæsilegum karlmanni til vinstri við þig og eiginmaðurinn er til hægri? Varstu á milli manna þarna?

Ingibjörg:

Já, ég er þarna með epli á milli manna. Ég er að velja epli eða appelsínu, er það ekki svoleiðis? Annar býður epli og hinn býður appelsínu. Þetta er líklega 1967 eða 1968 í Moskvu. Þar var verið að frumsýna *Rauðu skikkjuna* og þessi fallegi maður vinstra megin er Oleg Vidov sem lék aðalhlutverkið í *Rauðu skikkjunni*. Hann var hengdur á gálga í Hljóðaklettum. Hann var skólabróðir minn í Moskvu í kvikmyndaskólanum og var leikari og fékk þetta hlutverk. Ég var ráðin til að hjálpa honum að ná sambandi við Danina og Íslendingana sem hann var að vinna með.

Silja:

Að ná sambandi við Gitte Haenning?

Ingibjörg:

Einnig við Gitte Haenning en hann hjálpaði sér nú svolítið vel þar. Ég þurfti ekki mjög mikið að túlka þar, ekki nema rétt í byrjun. Svo bjargaði hann sér.

Krónísk heimþrá

Silja:

En það var sumarvinna heima? Þú komst heim á sumrin þessi sex ár sem þú varst viðloðandi Moskvu en eftir að þú fórst til Kúbu þá leið lengra á milli?

Ingibjörg:

Já, ég kom einu sinni heim. Það var árið 1973 og ég var hér í nokkra mánuði.

Silja:

Var það þegar þú komst með handritið að ljóðabókinni þinni?

Ingibjörg:

Já.

Silja:

Langar okkur ekki að vita svolítið um útgáfusögu þeirrar bókar?

Ingibjörg:

Þetta var voðalega skrítið. Ég orti ekki neitt í Moskvu, ekkert svo heitið geti, en fór síðan til Kúbu og byrjaði eiginlega strax að yrkja þar. Það var ekki bara það að Kúba væri skemmtilegra land en Rússland. Í Moskvu var allt svo yfirþyrmandi, ekki bara borgin og mannfjöldinn, heldur líka námið og tungumálið og allt það. Það var einhvern veginn alltaf svo mikið að gerast að maður var einhvern veginn ekkert í ljóða-stuði. Svo kom ég til Kúbu og þar var náttúrulega bara sól og sandur og pálmatré og voða gaman og ekkert sérstakt að gera til að byrja með. Þá fór ég að setja saman einhvern kveðskap.

Silja:

Á Kúbu kom skáldgáfan til þín aftur?

Ingibjörg:

Já, og þegar ég ákvað loks að skreppa heim, fór ég að tína saman ljóðin mín og ganga frá þeim á pínulítilli, voða lélegri ritvél, sem við áttum og var náttúrulega ekki með íslenskum stöfum eða neinu. Það var alveg hræðilegt að sjá þetta handrit þegar ég loksins kom með það heim. Kristinn E. Andrésson hafði birt eftir mig ljóð. Ég held að það hafi verið 1971 sem það birtist í *Tímariti Máls og menningar*. Þá hafði hann sagt við mig: „Þegar þú verður komin með handrit, komdu þá með það til mín. Ég skal þá gefa það út.“ Ég hafði þetta alltaf í bakhöndinni og það var ekki ónýtt. Þegar ég var síðan á leiðinni heim, haustið 1973, með handritið og kom upp í flugvél síðasta áfangann heim og fékk Moggann í hendurnar eftir öll þessi ár, þá voru þar minningargreinar um Kristín. Þá var verið að jarða hann daginn sem ég kom heim. Það var mjög sorglegt og ekki bara sorglegt heldur líka mjög óheppilegt fyrir mig. Ég var svolitla stund að jafna mig á þessu. Ég kom heim

og fór fljótlega að velta fyrir mér hver hefði tekið við útgáfustjórn tímaritsins af Kristni. Það reyndist vera Sigfús Daðason og ég fór á hans fund. Hann tók mér ljúfmannlega og gaf út bókina og hún kom út haustið eða veturinn 1974. Ég sá hana ekki fyrr en vorið eftir þegar Rannveig systir mín kom í heimsókn til Kúbu með bókina.

Silja:

Hvernig var henni tekið?

Ingibjörg:

Á Kúbu?

Silja:

Nei, á Íslandi? Var skrifað um hana? Var einhver sem tók eftir því að hún var komin út?

Ingibjörg:

Elskan mín, auðvitað! Það voru nokkrir dómur. Ég man eftir að Árni Bergmann, Ólafur Jónsson og Jóhann Hjálmarsson skrifuðu um hana. Ég man eftir þeim þremur.

Silja:

Og klöppuðu þeir þér á kollinn?

Ingibjörg:

Já, þeir voru bara nokkuð góðir.

Jón Karl:

Þessi bók kemur út í lítilli röð, sem Heimskringla gaf út, sem er í raun mjög merkileg ljóðabókaröð en þar eru ljóðabækur eftir Baldur Óskars-son, Dag, Geir Kristjánsson, Nínu Björk og Pétur Gunnarsson. Bókin hans Péturs, *Splunkunýr dagur*, hafði komið út ári á undan þinni. Nú er Pétur örlítið yngri en þú og það er ótrúlega mikið bergmál á milli þessara bóka, finnst mér. Þið eruð bæði að lýsa bernskuheimi í Reykjavík og í rauninni kallast margt í þessari bók þinni einnig á við fyrstu skáld-söguna hans Péturs. Líka þessi ættjarðarást. Þið eruð svolítið að slá annan tón en eldri skáld. Ekki alveg jafn stíf. Það hlýtur að hafa verið sérkennilegt fyrir þig að senda bók í bókmenntaheim sem þú hafðir ekki verið hluti af í tíu ár eða meira?

Ingibjörg:

Meira en tíu ár, já.

Jón Karl:

Upplifðir þú sjálfa þig á þessum tíma sem hluta af íslenskri skáldakynslóð eða fannst þér þú bara vera á enda veraldar, að kalla ljóðin þín inn í þetta samfélag okkar?

Ingibjörg:

Bæði og. Mér fannst ég alltaf vera íslensk. Ég hafði ekki breyst þannig og ég var alltaf að lesa íslensk ljóð. Já, ég upplifði sjálfa mig alveg inni í þeirri hefð. Í þessari fyrstu bók er mikil heimþrá og það er svona sígilt þema frá Kaupmannahafnarárum nítjándualdarskáldanna. Þetta er sama hefðin.

Jón Karl:

Ertu líka að lesa skáld sem eiga heima á Kúbu? Þú ert að þýða þau síðar.

Ingibjörg:

Jú, jú.

Jón Karl:

Finnst þér þú vera undir áhrifum frá Kúbu eða Íslandi í þessari bók?

Ingibjörg:

Ég skal ekki alveg segja um fyrstu bókina en ég held að það geti verið kúbönsk áhrif. Ég held að það sé rytmi, eitthvað hljóðfall, sem ég er alltaf að reyna að ná. Ég veit ekki hvort það er nokkuð annað.

Jón Karl:

Þú nefnir heimþrána sem kemur hér fyrir í hverju ljóðinu á fætur öðru og ég held að einhver hafi sagt það við þig, var það ekki? Að þú þyrftir bara að koma heim?

Ingibjörg:

Já, einhver sagði: „Þessi kona verður bara að koma heim“. Það var ósköp augljóst, enda kom ég heim stuttu seinna.

Jón Karl:

Í seinni bókum þínum eru ljóð sem sýna heimþrá til Kúbu.

Ingibjörg:

Já, já, maður er aldrei ánægður.

Jón Karl:

Þú ert með króníska heimþrá?

Ingibjörg:

Já.

Ævintýraleg skriffinska

Silja:

Í þessari fyrstu bók raðar þú strax ljóðunum upp þannig að þau segja okkur sögu. Mér finnst einhvern veginn að þetta hafi verið óvenjulegt á þessum tíma. Eru einhverjar fyrirmyndir að þessari uppröðun og þessu sköpulagi bókarinnar?

Ingibjörg:

Ég held ekki. Ég held að þetta hafi komið einhvern veginn af sjálfu sér. Ég er ennþá að furða mig á þessu fyrsta ljóði, þessu „Upphafi“. Ég man svo lítið eftir þessu ljóði. Ég man að ég orti það á Kúbu en hvað ég var að hugsa á þeim tíma, það man ég ekki. Það bara var allt í einu þarna fremst í bókinni. Þá fannst mér hitt þurfa að koma á eftir því.

Áslaug:

Í annarri bókinni, *Orðspori daganna*, ertu orðin svolítið gagnrýnin á íslenskt þjóðfélag og ert að setja út á lífsgæðakapphaupið. Fannst þér, þegar þú komst heim til Íslands eftir að hafa verið í löndum þar sem fólk hafði miklu minna milli handanna, fannst þér skrítið að koma heim og upplifa að fólk hafði það miklu betra hér en á Kúbu og í Moskvu?

Ingibjörg:

Ég var svolítið hneyksluð. Ég man eftir því. Þegar ég kom heim í

desember 1975 þá beið mín starf í Þjóðleikhúsinu. Ég var ráðin sem túlkur til að aðstoða leikstjóra, rússneskan leikstjóra, sem var að setja upp verkið *Náttbólið* eftir Gorkí. Ég var búin að vera að vinna í leikhúsi á Kúbu. Það var mjög fátækt leikhús þar sem hver spýta var notuð 300 sinnum, í hverju leikritinu á fætur öðru. Þar voru allir hlutir nýttir, búningar og hvað sem var. Það var allt nýtt til hins ýtrasta. Svo komst ég að því að heilu leikmyndunum var bara hent á haugana hér heima og svo keyptar nýjar. Ég vissi ekki hvert ég átti að komast, ég var svo hneyksluð. Mér var þá sagt að það væri miklu dýrara að geyma þetta. Þá hugsaði ég: Hvernig getur fólk hugsað svona? Hvar er verðmætaskynið hjá þessu fólki? Hvað er það að gera? Ég er eiginlega svona ennþá. Þetta var 1975, hugsið ykkur hvernig þetta er núna.

Silja:

Upp á tjaldið er komin mjög falleg mynd.

Ingibjörg:

Já, þetta er ég og sonur minn, Hilmar Ernesto Ramos heitir hann.

Silja:

Fæddist hann á Kúbu?

Ingibjörg:

Já, en ég kom með hann heim þegar hann var sex mánaða. Skildi svo við þabba hans. Það var bara kominn tími á að koma heim.

Silja:

Ramos hefur ekki langað til að flytjast til Íslands með þér?

Ingibjörg:

Ég hugsa ekki. En jafnvel þótt hann hefði langað það þá hefði hann örugglega ekkert fengið það. Þetta var svo ófrjálst.

Jón Karl:

Þú yrkir um börnin þín, meðgönguna, fæðinguna og maður fær á tilfinninguna að þú hafir beðið lengi eftir að eignast barn.

Ingibjörg:

Heldur betur. Ég var ábyggilega að reyna í tíu ár. Þetta var svolítið

skritið á Kúbu. Við bjuggum alltaf á hóteli og vorum alltaf að reyna að útvega okkur húsnæði. Svo fórum við að gera upp hús sem þurfti eiginlega alveg að byggja upp á nýtt og vorum að því árum saman. Þegar það var svo tilbúið og ekkert annað að gera en að flytja inn, þá fór ég heim. Við vorum búin að vera í öll þessi ár að reyna að eignast barn en þegar barnið fæddist, þá fór ég heim. Húsið var komið, barnið var komið og þá fór mér að vaxa mjög í augum að ala upp barn á Kúbu. Ég held að það hefði ekki gengið mjög vel.

Jón Karl:

Þú heldur áfram að yrkja um Kúbu og kemur til Kúbu seinna og það er mjög áhrifamikið ljóð þar sem þú ert eiginlega að lýsa því að þú sért að vitja lífsins sem þú lifðir ekki. Annars staðar lýsir þú því þannig að í rauninni hafi ekkert breyst þegar þú kemur aftur. Það hafði ekkert breyst á Kúbu og kannski hafði þess vegna allt breyst. Hvernig eru kenndirnar núna til Kúbu?

Ingibjörg:

Við fórum þangað síðast í mars á síðasta ári, við Hilmar, bara tvö. Það var mjög gott að koma þangað, fannst mér. Þar er ennþá dálítið ævintýraleg skrifinnenska í gangi. Við komumst að raun um það. En þetta er bæði gott og vont en meira gott, held ég. Ég mundi samt ekki vilja flytja þangað en finnst gaman að koma þangað öðru hverju, voða gaman.

Silja:

Á þessari mynd er Kristín Eiríksdóttir skáldkona með móður sinni skáldkonunni.

Ingibjörg:

Já, við erum þarna að ræða bókmenntir eins og sjá má.

Silja:

Við erum farin að syndga upp á náðina, heldur betur. Klukkan er orðin meira en fjögur en ég verð samt að fá að gefa Áslaugu orðið.

Bæði innhverf og úthverf

Áslaug:

Það er ein spurning sem mig dauðlangar að bera fram áður en við hættum og hún hefur með ljóðapýðingar þínar að gera og þá fyrst og fremst ljóðapýðingar rússneskra skáldkvenna. Þú þýddir mjög magnað ljóð eftir Marínu Tsvetajevu og ortir líka til hennar. Þú hefur líka þýtt eftir Önnu Akhmatovu sem er ein helsta skáldkona tuttugustu aldarinnar. Mér finnst ljóð þín minna mig meira á ljóð Önnu Akhmatovu en einhvern veginn hef ég samt á tilfinningunni að Tsvetajeva hafi haft meiri áhrif á þig eða náð meira tangarhaldi á þér, á þínum tilfinningum. Er það rétt?

Ingibjörg:

Já, það er alveg rétt. Þetta er svolítið skrýtið. Ég get ekki ort eins og Marína Tsvetajeva. Það er alveg útilokað. Ég get ekki einu sinni stælt hana og hún er mjög ólík mér. Ekki bara svona sem heimsfræg skáldkona heldur erum við svo ólíkar í öllu, í hugsun, skapi og náttúrlega lífsferli og öllu því sem frekast má vera. En það er eitthvað í henni. Það er einhver strengur, einhver tilfinning í henni Marínu sem heillar mig alveg gjörsamlega. Það er eiginlega sama hvað hún er að yrkja. Það er bara eitthvað þarna sem mig langar svo rosalega mikið að geta þýtt. Það er eiginlega alveg vonlaust verk. Hún er alveg gjörsamlega óþýðanleg þessi manneskja en ég reyni.

Áslaug:

En þú segir í ljóðinu sem þú ortir til hennar að þig dreymi hana stundum. Dreymir þig ekki Önnu Akhmatovu?

Ingibjörg:

Nei, aldrei. Ég ber ógurlega mikla virðingu fyrir Önnu Akhmatovu og mér finnst hún alveg frábær skáldkona og mjög gaman að þýða hana en það er eitthvað, þetta er bara eins og með ástina, held ég. Þú veist, það er bara annað hvort eða.

Áslaug:

Já, það kviknar neisti eða ekki. Það er oft talað um að menn séu annað hvort aðdáendur Dostojevskís eða Tolstojs. Sumir eru náttúrlega

aðdáendur beggja en Dostojevskí er þinn maður, það vita allir. En hvað finnst þér um Tolstoj? Hefur þig aldrei langað til að þýða hann?

Ingibjörg:

EKKI beint, nei. Ég var óskaplega hrifin af *Önnu Karenínu*, eins og ég sagði áðan, þegar ég var tólf ára. Seinna las ég *Stríð og frið*, *Upprisuna* og fleiri bækur eftir hann. En þetta eru ekki bækur sem ég er full af löngun til að þýða. Ég útvegaði mér loksins fyrir nokkrum árum, það er ekkert mjög langt síðan, *Önnu Karenínu* á rússnesku. Ég hafði aldrei lesið hana á frummálinu og aldrei lesið hana eftir þennan lestur þegar ég var tólf ára. Ég byrjaði að lesa, ógurlega spennt að vita hvernig þetta væri nú allt saman og svo fór ég að fletta blaðsíðunum og hugsa: Guð minn góður, eru þetta ekkert nema lýsingar á einhverjum kjólum? Síðu eftir síðu voru ungu stúlkurnar að fara á ball og hann lýsir öllum nálarporunum og knipplingunum og hvað þetta hét allt saman. Þetta var svo langdregið og leiðinlegt að ég gafst upp.

Silja:

Var það þá eitthvað stytt í þýðingunni sem þú last þegar þú varst tólf ára?

Ingibjörg:

Kannski hef ég bara haft meiri áhuga á þessu þá heldur en núna. Og mér leið svolítið eins og söguhetjunni hans Hallgríms Helgasonar í *101 Reykjavík* þegar hann var í bíltúr. Honum leiddist svo landslagið og vildi fá landslagið á flettiskiltum. Mér leið svoléiðis þegar ég var að lesa *Önnu Karenínu*.

Jón Karl:

Það var einn sem hnippti í mig í hléinu og sagði: „Þið þurfið nú að fara að koma ykkur út úr ævisögu Ingibjargar og koma að ljóðunum hennar“. Ég hef aldrei lesið bækurnar þínar í rétttri röð fyrr en núna nýlega og það eiginlega sló mig hvað þær eru ævisögulegar en um leið eru þetta þannig bækur að maður þekkir sjálfan sig í öðru hverju ljóði. Þú yrkir á einum stað um það þegar þú býrð í Breiðholtinu og ert að tala um muninn á því að vera úthverfur og innhverfur. Þú virkar nú frekar innhverf kona en samt gengur þú mjög nærri þér í ljóðunum. Þú gengur nærri þínu lífi og þínu fólki. Hvernig gengur að samræma þetta? Ertu aldrei hikandi þegar þú gefur út bók og veist að þú ert í rauninni að leggja þitt líf í hendurnar á okkur?

Ingibjörg:

Nei, ég er algjörlega samviskulaus manneskja. Kannski er ég bæði innhverf og úthverf.

Jón Karl:

Þú ert sem sagt hógvær egóisti?

Ingibjörg:

Já, eitthvað svoleiðis.


Silja:

Ég er hrædd um að við verðum að hætta núna, því miður. Ég var beðin um að benda ykkur á að það eru þrjár sýningar hér í húsinu eins og þið hafið ábyggilega uppgötvað í hléinu. Guðrún Bergsdóttir er niðri í Boganum með þessar dásamlegu útsaumsmyndir. Í anddyrinu niðri er „Þetta vilja börnin sjá“, myndskreytingar úr íslenskum barnabókum sem komu út á síðasta ári og hérna uppi eru listaverk eftir börn úr listsmiðjunum Gagni og gamni. Ykkur til skemmtunar. Þakka ykkur innilega fyrir góða áheyrn.



Umbrot og hönnun / Kristín Póra Guðbjartsdóttir
Hljóðritun / RÚV
Útgefandi / Menningarmiðstöðin Gerðuberg 2011

Samantekt er í samræmi við það sem fram kom á Ritþinginu
og túlkar sjónarmið þeirra sem þar töluðu.



GERÐUBERG
Menningarmiðstöð